

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2018

Þann 6. apríl 2018 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Þórunna Jónsdóttir, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún stakk upp á að Bragi Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Klara Hrönn Sigurðardóttir yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 99,99% hluta í félaginu og fer Hreiðar Bjarnason með öll þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja. Auk fulltrúa hluthafa voru stjórnarmennirnir Þórunna Jónsdóttir, Jón Þór Grímsson og Helga Gunnarsdóttir mætt á fundinn, framkvæmdastjóri félagsins Helgi Þór Arason, endurskoðendurnir Sturla Jónsson og Davíð Arnar Einarsson frá endurskoðunarfélaginu Grant Thornton endurskoðun ehf. sem er endurskoðunarfélag Landsbréfa. Þá voru mættir á fundinn frambjóðendur í stjórnarkjöri, Lilja Björk Einarisdóttir bankastjóri Landsbankans, auk ýmissa gesta og starfsmanna félagsins.

Bragi fór stuttlega yfir dagskrá félagsins sem er í samræmi við samþykktir félagsins. Gengið var til afgreiðslu dagskrármála.

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári

Þórunna Jónsdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Hún byrjaði á því að minnst Sigríðar Hrólfsdóttur, sem gegnt hafði stöðu formanns stjórnar frá síðasta aðalfundi þar til hún varð bráðkvödd langt fyrir aldur fram nú í byrjun árs. Í skýrslu hennar kom fram að rekstur Landsbréfa hefði gengið einstaklega vel á árinu 2017 og hefði skilað góðri arðsemi til eiganda síns, Landsbankans. Fram kom að sjóðir félagsins hefðu almennt skilað góðum árangri þrátt fyrir að markaðsaðstæður hafi að mörgu leyti verið erfiðar á árinu. Fram kom að sérhæfðar fjárfestingar hefðu vaxið undanfarin ár og skiluðu nú góðri afkomu.

Fram kom að á árinu voru hreinar rekstrartekjur 2.292 milljónir króna samanborið við 1.730 milljónum króna árið 2016. Þessi mikli vöxtur tekna skýrist að miklu leyti af árangurstengdum þóknunum af rekstri framtakssjóðsins Horns II slhf. Hagnaður ársins eftir skatta nam 1.113 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 702 milljónir króna árið 2016.

Eigið fé Landsbréfa hf. í árslok nam 3.763 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, samanborið við 3.150 milljónir króna árið áður. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 105,1% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum.

Í skýrslu formanns kom fram að stjórn legði til að greiddur yrði 600 milljónir króna arður, en hagnaði félagsins að öðru leyti verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé.

Í lok árs störfuðu 18 starfsmenn hjá félaginu og fjöldi ársverka var 17 á árinu. Heildarfjárhæð launa og annarra greiðslna til þeirra og stjórnarmanna félagsins samtals samtals 444 milljónum króna samanborið við 412 milljónir króna árið áður. Í máli formannsins kom fram Landsbréf byggju vel að því að hafa yfir að ráða bæði reyndum og vel hæfum starfsmönnum, sem hafa sýnt með verkum sínum að þeir væru reiðubúnir að axla þá miklu ábyrgð sem fylgir því að annast ávöxtun á fjármunum viðskiptavina Landsbréfa, en í árslok voru 162 milljarðar króna í stýringu hjá Landsbréfum. Í máli sínu stiklaði formaður á stóru um sjóðaframboð félagsins.

Þá gerði hún grein fyrir helstu atburðum á árinu 2017, þ.m.t. ákvörðun síðasta aðalfundar og breytingum sem þar voru gerðar á stjórn félagsins.

Í máli sínu fjallaði formaðurinn um samstarf Landsbréfa og móðurfélagsins Landsbankans sem hún sagði að hefðu unnið vel saman og væru allar forsendur á áframhaldandi góðu samstarfi á tímum þar sem miklar breytingar væru í fjármálageiranum.

Að lokum þakkaði hún meðstjórendum í stjórn Landsbréfa samstarfið og þakkaði Helga Þór Arasyni framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki Landsbréfa fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Enginn tók til máls um skýrslu stjórnar.

2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Helgi Þór Arason gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Hann fór yfir helstu liði rekstrar og efnahags, en ársreikningurinn var meðal fundargagna. Að lokinni yfirferð Helga yfir ársreikninginn vakti fundarstjóri athygli hluthafa á því að í salnum væru mættir endurskoðendur félagsins sem væru reiðubúnir að svara fyrirspurnum ef einhverjar væru. Enginn tók til máls um þennan dagskrárlið. Ársreikningur félagsins var tekinn fyrir og hann samþykktur.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu um greiðslu arðs frá stjórn félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

„Stjórn gerir tillögu um að greiddur verði 600 milljón króna arður til hluthafa. Arðgreiðsla fari fram innan mánaðar frá aðalfundi og miðist við hlutafjáreign hluthafa í lok dags þann 6. apríl 2018.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um þessa tillögu og var hún tekin fyrir og samþykkt.

4. Breytingar á samþykktum

Fyrir fundinum liggur svofelld tillaga frá stjórn félagsins um breytingar á 14. gr. samþykktu félagsins. Tillagan felst í því að 14. gr. orðist svo:

14. gr.

„Stjórn félagsins skal skipuð eigi færri en fimm mönnum og tveimur til vara, kjörnum til eins árs í senn. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega en stjórnarmenn

skipta að öðru leyti með sér verkum. Stjórn kýs varaformann. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

Láti formaður stjórnar af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur skal stjórn hlutast til um að boðað sé til hluthafafundar við fyrsta hentugleika þar sem kjörinn verður nýr formaður. Uns það kjör hefur farið fram skal varaformaður stjórnar gegna hlutverki formanns stjórnar.“

Fram kom að með breytingartillögunni er lagt til að skýrt verði kveðið á um að stjórn kjósi sér varaformann og hvernig skuli bregðast við ef formaður stjórnar lætur af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Tillagan var tekin fyrir og samþykkt.

5. Kjör stjórnar félagsins

Í stjórn Landsbréfa eiga sæti fimm aðalmenn og tveir varamenn. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Þórunna Jónsdóttir, í framboði til stjórnarformanns
Guðjón Valgeir Ragnarsson, í framboði sem meðstjórnandi
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, í framboði sem meðstjórnandi
Haraldur Flosi Tryggvason, í framboði sem meðstjórnandi
Magnús Magnússon, í framboði sem meðstjórnandi

Í framboði sem varastjórnarmenn eru:

Einar Kristján Jónsson
Erna Eiríksdóttir

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og voru framangreindir aðalstjórnarmenn og varastjórnarmenn lýstir rétt kjörnir í stjórn félagsins.

6. Kjör endurskoðunarfélags

Stjórn Landsbréfa leggur til að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Tillagan var tekin fyrir og teljast Grant Thornton endurskoðun ehf. vera rétt kjörnir sem endurskoðendur félagsins.

7. Starfskjarastefna félagsins

Lagt er til að starfskjarastefna félagsins verði samþykkt óbreytt frá fyrra ári. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var starfskjarastefnan samþykkt.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna liggur fyrir:

„Þóknun til stjórnarmanna Landsbréfa hf. skal vera 220.000 kr. á mánuði og mánaðarleg þóknun stjórnarformanns skal vera tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skulu fá 55.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna og varaformaður stjórnar skal fá 55.000 kr. fyrir hvern fund sem hann stýrir. Fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal greidd föst árleg þóknun til nefndarmanna, sem skal vera 200.000 kr. fyrir setu í endurskoðunarnefnd og 100.000 kr. fyrir setu í starfskjaranefnd og 50.000 kr. skulu greiddar aukalega til formanna undirnefnda stjórnar.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið, sem var tekinn fyrir og samþykktur.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins. Hreiðar Bjarnason kvaddi sér hljóðs og hrósaði starfsfólki Landsbréfa fyrir góðan árangur og væri gaman að sjá hversu öflugt félagið væri sem skilaði svo góðri afkomu til Landsbankans. Þá þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum góð störf í þágu félagsins og óskaði nýjum stjórnarmönnum velfarnaðar í starfi.

Aðrir tóku ekki til máls. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að hann og fundarritari fengju að ganga frá fundargerð og að senda nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár.

Þannig farið fram. Fundi slitið kl. 16.42.

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

Klara Hrönn Sigurðardóttir, fundarritari